

## **Skýrsla Náttúruleiksskólans Krakkakots vegna umsóknar um Grænfána Landverndar.**

Náttúruleiksskólinn Krakkakot hefur í mörg undanfarin ár verið að þróa með sér stefnu í umhverfismennt. Tekin hafa verið mörg lítil skref í þá átt og var svo komið vorið 2004 að okkur fannst að við værum komnir svo langt á veg í þeim efnum að við ættum að fara að huga að því að sækja um á vera skóli á grænni grein. Það skref tókum við svo haustið 2004 og fengum viðurkenningu frá Landvernd að við værum orðin skóli á grænni grein seint sama ár. Það var svo í janúar 2005 sem við byrjuðum að vinna að því að fullum krafti að taka öll nauðsynlegu skrefin í átt að Grænfánum. Haustið 2005 urðu miklar breitingar hjá okkur hér. Leikskólastjórinn okkar til fjölda margra ára Erla Thomsen fór í árs leyfi og sagði svo upp störfum í kjölfarið. Leiksskólinn stækkaði líka mikið þar sem við tókum í notkun tvær nýjar leiksskóladeildir í lausum kennslustofum út við Álftanesskóla. Þessar breitingar voru ansi krefjandi og okkur fannst á þessum tímapunkti að öll okkar starfsorka færi í að halda daglega starfsemi skólans og ákváðum að setja Grænfánaverkefnið í biðstöðu fram til hausts 2006. En nú í haust er Náttúruleiksskólinn Krakkakot með alla sína starfsemi undir sama þaki og er nú sex deilda skóli. Við höldum samt alltaf áfram í flokkun rusls og endurnýtingu en slepptum öllum fundarhöldum í umhverfisráði.

Hér að neðan verður svo rakið okkar ferli í átt að Grænfánum.

Umhverfisnefnd var stofnuð í upphafi árs 2005. Hver deild leiksskólans valdi sér fulltrúa til að sitja í nefndinni sem og starfsfólk eldhús og ræstinga. Fulltrúar barna voru valdir á þremur elstu deildum leiksskólans í samráði við deildastjóra deildanna. Fulltrúi foreldra var valin í Foreldrafélagi leiksskólans. Fundir eru haldnir svo oft sem þurfa þykir. Helstu ákvarðaðanir sem teknar eru á fundunum eru;

- Hvernig skuli staðið að umhverfismenntinni innan veggja leiksskólans
- Hvernig skuli staðið að flokkun rusls
- Hvernig skuli staðið að kynningu á grænfánaverkefninu
- Hver markmið og áherslur Náttúruleiksskólans Krakkakots munu vera í þessu verkefni.

Fylgiskjöl:

- Hjálögð er fundargerð eins fundar hjá umhverfisnefndinni.
- Hjálagt er einnig bréf sem skrifað var til Bæjarstjóra Álftanes þar sem farið var fram á að settar yrðu upp almennings ruslafötur á skólasvæðinu.
- Umhverfissáttmáli
- Umhverfisreglur

Staða umhverfismála var metin með því að fylla út gátlistann á starfsmannafundi þar sem allir starfsmenn fóku þátt.

- Meðfylgjandi er útfylltur gátlisti.

Umhverfisnefnd skólans setti skólanum fimm megin markmið sem eru þessi:

1. Efla umhverfisvitund leikskólabarna með virkri þátttöku barnanna í verkefninu.
2. Minnka umfang sorps sem fer frá skólanum með flokkun sorps.
3. Endurnýta í listsköpun og leik það sem til fellur af efni innan skólans t.d. dollur og dósir, kassa undan morgunkorni, þokar undan morgunkorni og margt, margt fleira sem fellur til frá eldhúsinu.
4. Efla samstarf og samkennd hópanna börn-foreldrar-starfsfók, í öflugum starfi að bættu umhverfi.
5. Efla lýðræðisleg vinnubrögð

Einnig var stofnað umhverfislöggu ráð sem í sitja öll elstu börn skólans og funda reglulega með leikskólastjóra. Elstu börnin settu okkur umhverfisreglur á einum slíkum fundi sem voru kynntar starfsfólki á starfsmannafundi. Umhverfisreglurnar voru samþykktar með öllum greiddum athvæðum. Hlutverk umhverfislöggunnar er að minna á umhverfisreglurnar og sjá til þess að eftir þeim sé farið. Börnin minna bæði skólafélaga sína og starfsfólk á ef þau eru að gleyma sér.

Ágætlega hefur gengið að ná þessum markmiðum það er helst að við þurfum að taka okkur á í að hrífa foreldrana með í verkefninu. Við lítum þó svo á að við þurfum sjálf að vera orðin góð í því sem við erum að takast á við áður en við getum hrifið aðra með. Við teljum þó að börnin kynni verkefnið að einhverju leiti heima með umræðu um hvað þau eru að gera í leikskólanum á daginn, sérstaklega elstu börnin. Á foreldrafundum sem haldnir verða í október 2006 munum við kynna þetta verkefni ítarlega.

Við höfum ekki enn sem komið er þróað einhver sérstök verkefni fyrir leikskólabörnin varðandi verkefnið. Stefna leikskólans er að börnin læri í gegnum leikinn og þannig kynnum við fyrir þeim verkefnið. Við læðum inn athugasemdum og fróðleik um verkefnið allstaðar í daglegu starfi við matarborðið í fataklefanum í leiknum og í samverustundum. Við höfum farið ítarlega yfir það með börnunum hvernig við flokkum sorpið og hvernig við getum nýtt marga hluti aftur eins og t.d. Ceerioskassana sem við notum í listakrök klippum þá niður og börnin mála á þá.

Nú í haust tók leikskólastjóri upp þá nýbreitni að kynna verkefnið fyrir hverri deild fyrir sig þar sem komu bæði börn og starfsfólk deildanna í sal skólans og leikskólastjóri kynnti verkefnið með leikrænu ívafi og fékk börnin til að vera að hluta þátttakendur með opnum spurningum til þeirra. Þetta mæltist mjög vel fyrir og fengu öll börn og starfsfólk skólans sömu upplýsingarnar og fræðsluna frá einum aðila. Þannig komst hún markvisst til skila.

Að útbúa umhverfissáttmál vafðist svolítið fyrir okkur. Sérstaklega hvernig við ættum að framkvæma á sem lýðræðislegastan hátt að setja okkur sáttmálan og

umhverfisreglur. Við tókum þá ákörðun að elsti hópur skólans hefði hvað mest til málanna að leggja og leikskólastjóri boðaði fund með skólahópsbörnunum þar sem þau komu með sitt innlegg. Starfsmenn komu svo með sitt innlegg í sáttmálann á starfsmannafundi. Sáttmálinn var svo samþykktur með öllum greiddum athvæðum.

Verkefnið var m.a. kynnt með litlum bækling, sem við gáfum út með það fyrir augum að kynna verkefnið fyrir foreldrum.

- Hjálagður er bæklingurinn sem við gáfum út.

Þetta hefur verið ákaflega skemmtilegt verkefni sem við vonum að okkur beri gæfa til að halda í heiðri hér innan skólans. Starfsfólk skólans er flest allt orðið mjög meðvitað um verkefnið og tekur virkan þátt. Daglega vakna spurningar eins og þessi “Hjördís í hvaða flokk á þetta að fara”. Allir eru líka mjög meðvitaðir um að nýta allt sem til fellur af efni hér til listsköpunar.

Þann 1. desember n.k. á Náttúruleikskólinn Krakkakot 16. ára afmæli og leikskólastarf á Álftanesi 20. ára afmæli. Í tilefni af þessum tímamótum langar okkur að nýta daginn til að flagga Grænfánanum ef við fáum jákvæða úttekt hjá ykkur.

Með vinsemd og virðingu,  
Hjördís Guðrún Ólafsdóttir  
leikskólastjóri